Leikfélag Kópavogs
Funalind 2, 201 Kópavogur
www.kopleik.is / lk@kopleik.is

Kópavogur, 18. mars 2021

Til Lista- og menningarráðs Kópavogs
Varðar: Samning milli Kópavogsbæjar og Leikfélags Kópavogs

Eftir einn fund með Lista- og menningarrráði um nýjan rekstrarsamning í janúar síðastliðnum, fékk stjórn Leikfélags Kópavogs sendan samning frá Forstöðumanni menningarmála Kópavogsbæjar með ósk um að hann yrði undirritaður af stjórn LK.
Umræddur samingur er stjórn LK mikil vonbrigði.

Samkvæmt samningnum segir Kópavogsbær sig frá öllum skuldbindingum og föstu fjárframlagi til starfsemi félagsins eins og verið hefur um árabil. Félaginu er þess í stað boðið að sækja um verkefnastyrki til Lista- og menningarráðs. Ekki er þó nóg með að eini raunverulegi hvatinn sem félagið hafði til að gera samning við bæinn sé tekinn út, heldur eru sett í hann íþyngjandi ákvæði er varða húsnæði Leikfélagsins og starfsemi þess.

Hver sem er getur sótt um verkefnastyrki til Lista-og menningarráðs og þarf ekki undirritaðan samning til. Stjórn LK fær ekki skilið hversvegna gera þarf sérstakan samning við félagið um slíkt. Félaginu eru þess utan gerðar ríkar skyldur í samningnum en skuldbindingin af hálfu bæjarins er hinsvegar engin. Eins og samningurinn er upp settur núna, sér stjórn LK sér engan hag í að skrifa undir hann.

Það er mikil stefnubreyting að hverfa frá rekstrarsamningsforminu sem verið hefur í gildi, breyting sem setur tilverugrundvöll elsta menningarfélags Kópavogs í uppnám. Er það vilji ráðamanna hér í bæ að gera slíkt? Því vill stjórn LK ekki trúa fyrr en hún tekur á því.

Við þetta má bæta að undanfarin ár hefur LK nokkrum sinnum sótt um sérstaka verkefnastyrki til ráðsins í samræmi við ákvæði í eldri samningi en aldrei fengið. Í ljósi þess og annars sem upp er talið hér að ofan, gefur sá samningur sem hér liggur fyrir, ekki tilefni til mikillar bjartsýni um framtíð félagsins.

Að lokum má benda á að Leikhúsið er ekki bara vettvangur fyrir starfsemi LK heldur eru sífellt fleiri sviðslistamenn, sem og aðrir, farnir að nýta sér þá frábæru aðstöðu sem er í leikhúsinu okkar. Staðreyndin er að eitt besta búna leikhús landsins er í Kópavogi og það er aðeins vegna þeirrar vinnu og fjármuna sem LK hefur lagt í það undanfarin 14 ár.

Við vonumst til að Lista- og menningarráð og/eða aðrir ráðamenn endurhugsi málið og séu tilbúnir að skoða aðra nálgun en þá sem fram kemur í umræddum samningi.

f.h. stjórnar Leikfélags Kópavogs

Anna Margrét Pálsdóttir

Örn Alexandersson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 07.11.2026